



Skýrsla stjórnar Reykjanes jarðvangs ses

starfsárið 2014-2015

Störf stjórnar

Stjórn Reykjanes jarðvangs sem nú skilar af sér verkefnum til nýrrar stjórnar var kjörin á aðalfundi jarðvangsins 3. september 2014 Þá voru tilnefnd í stjórn samkvæmt lögum félagsins:

- Johan D Jonsson af hálfu Reykjanesbæjar og Kristín Gyða Njálisdóttir til vara
- Róbert Ragnarsson af hálfu Grindavíkurbæjar og Jón Þórisson til vara.
- Ásgeir Eiríksson og Gísli Heiðarsson af hálfu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga og Guðjón Þ. Kristjánsson og Einar Jón Pálsson til vara.
- Berglind Kristinsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir og Þorsteinn Gunnarsson af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni og Hjálmar Árnason, Magnea Guðmundsdóttir og Hanna María Kristjánsdóttir til vara.

Þorsteinn Gunnarsson vék úr stjórn í kjölfar aðalfundar Ferðamálasamtaka Reykjanes sem fram fór í lok árs 2014. Laufey Kristjánsdóttir tók sæti Þorsteins í stjórninni.

Nýkjörin stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínum þann 24. október 2014. Róbert Ragnarsson var kjörinn formaður stjórnar. Samið var við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum að halda utan um bókhald félagsins. Stjórnin fundaði alls átta sinnum á tímabilinu.

- 24. október 2014 í Eldey frumkvöðlasetri
- 21. nóvember 2014 í Eldey frumkvöðlasetri
- 9. janúar 2015 í Eldey frumkvöðlasetri
- 20. febrúar 2015 í Eldey frumkvöðlasetri
- 20. mars 2015 í Eldey frumkvöðlasetri
- 29. maí 2015 í Eldey frumkvöðlasetri
- 12. júní 2015 í Eldey frumkvöðlasetri
- 18. september 2015 í Eldey frumkvöðlasetri

Fundargerðir stjórnarfunda voru sendar út að loknum fundum til allra þeirra aðila sem aðild eiga að jarðvangnum. Þar sem litið er á setu í stjórn sem hluta af framlagi aðila til jarðvangsins þáði stjórnin ekki laun fyrir störf sín.

Umsókn um aðild að Global Geoparks Network

Unnið hefur verið að aðild að European og Global Geoparks Network síðan 2012. Í júlí 2014 var skilað inn til samtakanna áfangaskýrslu ásamt þeim gögnum sem samtökin óskuðu eftir vegna umsóknarinnar.

Í áfangaskýrslunni er svarað spurningum og ábendingum sem sérstaklega var beint til Reykjanes Geopark í lok árs 2013, flestar spurningarnar snéru að sýnileika og stjórnkerfi jarðvangsins.

Laugardaginn 5. september var tilkynnt við hátíðlega athöfn í Rokua Geopark í Finnlandi að Reykjanes Geopark hafi fengið aðild að European Geoparks Network. Reykjanes Geopark er 66. evrópski jarðvangurinn og annar á Íslandi. Í Rokua fór jafnframt fram haustfundur evrópskra jarðvanga og sóttu fundinn sex einstaklingar sem tengjast Reykjanes Geopark, þ.e. Eggert Sólberg Jónsson, verkefnastjóri RGP (með erindi á ráðstefnunni), Róbert Ragnarsson, formaður stjórnar, Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Hekllunnar, Þuríður H. Aradóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Reykjanes (með erindi á

ráðstefnunni), Arnbjörn Ólafsson, Geocamp Iceland (með erindi á ráðstefnunni) og Siggeir F. Ævarsson, upplýsingafulltrúi Grindavíkurbæjar. Reykjanes Geopark greiddi ferðakostnað Eggerts, Róberts og Berglindar.



Reykjanes Geopark fær aðild að European Geoparks Network

Jarðvangsvika 2.-8. júní 2014

Reykjanes jarðvangur stóð í þriðja sinn fyrir jarðvangsviku 25.-30. júní 2015. Sambærilegar vikur eru haldnar í öllum evrópskum jarðvöngum um þetta um þetta leyti, en þeir eru nú 69 talsins. Markmið vikunnar er að bjóða upp á áhugaverða viðburði sem endurspeglu náttúru og mannlíf á Reykjanesskaga.

Fyrirtæki og einstaklingar voru hvött til þess að standa fyrir viðburðum og uppákomum þessa vikuna. Jarðvangurinn tæki að sér kynningu á þeim sem það vildu. Þannig voru m.a. í boði gönguferðir um Voga, Húshólma og Ásbrú, bókaupplestur, fjörugrill í Þekkingarsetri Suðurnesja, opnun Geo Hótel í Grindavík og námskeið fyrir starfsfólk ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurnesjum. Sérstök áhersla var lögð á að auka sýnileika Reykjanes Geopark og voru aðilar að verkefninu hvattir til að flagga fána félagsins í Jarðvangsvikunni. Að mati stjórnar er mikilvægt að aðilar að verkefninu séu vakandi fyrir því að nýta jarðvangsvikuna í kynningum á viðburðum sem fara fram á þeim tíma.

Merkingar og aðgengismál

Reykjanes jarðvangur er ætlað að byggja upp áningarstaði til afþreyingar og fræðslu innan marka hans, auk þess að hafa samræmingarhlutverki að gegna varðandi merkingar og aðgengi. Stjórn ákvað árið 2014 að leggja áherslu á Brú milli heimsálfa og Valahnúk það ár. Framkvæmdum er lokið á fyrri staðnum en ólokið í nágrenni við Valahnúk. Framkvæmdir þar strönduðu á því að ekki var til staðar samkomulag við landeigendur sem nú liggur fyrir auk þess sem ekki var í gildi deiliskipulag. Deiliskipulagsvinnan sem er í höndum VSÓ hófst á nýjan leik eftir að samkomulag náðist við landeigendur og áætlað er að tillaga verði


auglýst í október. Fyrir liggur að útbúa þarf nýtt bílastæði og göngustíga í nágrenni við Valahnúk árið 2016 á grundvelli deiliskipulagsins auk þess sem sett verða upp fræðsluskilti haustið 2015.

Reykjanes er vinsæll áfangastaður ferðamanna og hafa aðilar séð tækifæri í frekari uppbyggingu og rekstri á svæðinu. Það mun því ekki verða hlutverk jarðvangsins til framtíðar að standa í rekstri fyrirtækis í samkeppnisrekstri heldur frekar stuðla að uppbyggingu til þess að auðvelda rekstur á svæðinu.

Samkomulag hefur náðst við Vegagerðina um vegvísa innan jarðvangsins líkt og í Kötlu Geopark. Vegvísarnir koma til með að skarta merki Reykjanes Geopark. Sumarið 2015 voru þeir fyrstu settir upp við Brú milli heimsálfa.

Unnið hefur verið að uppsetningu fræðsluskilta á nokkrum stöðum innan jarðvangsins, m.a. Festarfjalli, Keili, Kleifarvatni, Lambafelli, Méltunnuklif, Eldvörpum, Vigdísarvöllum, Stampagígaröðinni og Sveifluhálsi.

Í samstarfi við Sjálfbóðaliðasamtök um náttúrvernd og Sveitarfélagið Voga hefur verið unnið að lagfæringu á gönguleiðinni að Keili. Þar stendur til að setja upp fræðsluskilti, afmarka bílastæði og stíka gönguleið. Enn er þó beðið eftir samkomulagi milli Sveitarfélagsins Voga og landeigenda um leyfi til framkvæmda.



Tillaga að deiliskipulagi við Brimketil

Unnið er að deiliskipulagi við Brimketil. Áætlað er að tillaga verði auglýst í október. Landmótun vinnur að skipulaginu með það að markmiði skilgreina aðkomu að svæðinu, áningarstaði, bílastæði og bæta aðstöðu til útivistar og fræðslu. Átlunin er að þær aðgerðir auðveldi aðgengi og auki öryggi gesta.

Framkvæmdum í Húshólma sem unnar voru í samvinnu við Grindavíkurbæ og Minjastofnun lauk að mestu í ágúst 2015. Þar eru nú kominn upp sjö fræðsluskilti auk þess sem gatan inn í hólmann var grjóthreinsuð. Þá var hluti leiðarinnar stíkaður. Sjálfbóðaliðar á vegum SEEDS Iceland sáu m.a. um að koma merkingunum fyrir.



Unnið að merkingum við Húshólma í ágúst 2015

Stjórn jarðvangsins fundaði með sviðsstjóra náttúru hjá Umhverfisstofnun í nóvember 2014 og stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða í mars 2015. Lýsti stjórn Framkvæmdasjóðs yfir mikilli ánægju með þá samstöðu og stefnumörkun sem Reykjanesið hefur gengið í gegnum í tengslum við umsókn að European Geopark Network, sem gæti orðið öðrum svæðum til fyrirmyndar.

Þekkingarsetur Suðurnesja í Sandgerði hefur unnið að skýrslu um bætt aðgengi að fjörum á Reykjanesi í samvinnu við Reykjanes jarðvang. Fyrir liggur sambærileg skýrsla um fuglaskoðunarstaði á Reykjanesi. Skýrslunar nýtast við ákvarðanatöku um uppbyggingu áningarstaða.

Á fundi sínum í lok maí 2015 skoraði stjórn jarðvangsins á ráðherra að leiðrétta mistök sem virðast hafa átt sér stað þegar 850 milljónum var úthlutað til framkvæmda á ferðamannastöðum án auglýsingar. Engin framlög voru til verkefna á Reykjanesi þrátt fyrir að verkefni þar hefðu átt að uppfylla allar forsendur sem settar voru fyrir úthlutuninni, aðallega á svæðum innan Reykjanes fólkvangs sem er undir sérstakri stjórn og vistaður hjá Reykjavíkurborg. Óskað var eftir fundi með ráðherra ferðamála og ráðherra umhverfismála. Formaður stjórnar fundaði með ráðherra ferðamála en engin viðbrögð hafa borist frá ráðherra umhverfismála þrátt fyrir ítrekanir.

Aukinn sýnileiki

Unnið hefur verið að því að auka sýnileika Reykjanes jarðvangs, sér í lagi innan jarðvangsins. Er það í samræmi við þær ábendingar sem úttektaraðilarnir frá EGN/GGN komu fram með. Jarðvangurinn hefur unnið með Markaðsstofu Reykjaness að útgáfu kynningarefnis fyrir svæðið í heild, m.a. handbók sem komið hefur út árlega undanfarin ár auk þess sem unnin var ímyndabæklingur fyrir svæðið var

endurprentaður. Reykjanes jarðvangur er áberandi í hvoru tveggja. Þá verður jarðvangurinn vel sýnilegur á nýrri heimasíðu Markaðsstofunnar, visitreykjanes.is.

Reykjanes jarðvangur mun taka í notkun nýja heimasíðu haustið 2015. Facebook síða jarðvangsins hefur verið virk þar sem komið er á framfæri upplýsingum og fróðleik um svæðið.

Sett hafa verið upp fjögur innkomuhlið í Reykjanes jarðvang, þ.e. við Reykjanesbraut, Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Suðurstrandarveg og Krýsuvíkurveg.



Innkomuhlið í Reykjanes Geopark við Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Alþjóðleg samstarfsverkefni

Reykjanes jarðvangur tekur þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum eins og kostur er á hverju sinni. Hvert verkefni sem upp kemur er metið út frá hagsmunum jarðvangsins hverju sinni. Þegar þetta er ritað er jarðvangurinn að vinna að tveimur evrópskum verkefnum, annars vegar Drifting Apart sem snýr að auknu samstarfi jarðvanga í Norður-Evrópu og Kanada sem byggja tilvist sína á flekaskilum. Verkefnið fékk úr norðurslóðaáætlun ESB vorið 2015. Verkefnið hófst í júní 2015 og stendur í þrjú ár. Styrkurinn nýtist Reykjanes jarðvangi m.a. í þróun námsefnis, uppbyggingu innviða og fjögum gestastofa. Stýrihópur verkefnisins mun funda á Íslandi í lok árs 2015 auk þess sem Reykjanes jarðvangur mun standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um jarðferðamennsku árið 2018.

Hins vegar er jarðvangurinn þátttakandi í verkefninu GEOfood ásamt jarðvöngum frá Norðurlöndunum, Bretlandseyjum, Kanada, Spáni og Brasilíu. Verkefnið snýr að því að koma matarhefðum og matvælaframleiðslu í jarðvöngum á framfæri. Styrkur fékkst í verkefnið úr KreaNord sjóðnum vorið 2014. Kemur það til með að standa yfir frá júní 2014 til júní 2016. Jarðvangurinn vinnur að kynningarefni um matartengda ferðamennsku á svæðinu í samvinnu við hagsmunaaðila. Ein af afurðum verkefnisins er myndband um matarhefðir í viðkomandi jarðvöngum sem nýtist í kynningarstarfi Reykjanes Geopark og þeirra þriggja veitingastaða sem tóku þátt í verkefninu, þ.e. Salthússins, Vitans og Kaffi Duus.

Gestastofa Reykjanes Geopark

Föstudaginn, 13. mars, opnaði Reykjanes jarðvangur Gestastofu í Duushúsum í Reykjanesbæ. Gestastofan er sú fyrsta sinnar tegundar í jarðvangnum og er hlutverk hennar að vera upplýsinga- og fræðslumiðstöð

þar sem gestir fá upplýsingar um jarðvanginn, s.s. sérstöðu hans, jarðfræði, náttúrufar, sögu, þjónustu og afþreyingu.

Á sýningunni er sagt frá mótun Reykjaneskagans á myndrænan hátt. Gestir geta fræðst um jarðfræði og náttúrufar á skaganum á einfaldan og aðgengilegan hátt. Markmiðið með gestatofunni er að miðla fróðleik og upplýsingum um Reykjanes jarðvang og Reykjaneskaga.

Gestastofan nýtist heimamönnum og ferðamönnum auk þess sem stofan hentar vel skólum og nemendahópum. Gestastofan þjónar sem upplýsingamiðstöð í Reykjanesbæ og er skilgreind sem landslutamiðstöð sem miðlar upplýsingum um ferðapjónustu á Reykjanesinu öllu.



Úr Gestastofu Reykjanes Geopark í Duushúsum

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri í Reykjanesbæ og Róbert Ragnarsson formaður stjórn Reykjanes jarðvangs og Markaðsstofu Reykjanes opnuðu Gestastofuna formlega. Við sama tækifæri skrifuðu þeir undir samning um rekstur og uppbyggingu Gestastofu Reykjanes jarðvangs og rekstur upplýsingamiðstöðvar ferðamanna.

Stefnt er að því að koma upp fleiri gestastofum í jarðvangnum. Þær koma til með að hafa það hlutverk að vera upplýsinga- og fræðslumiðstöðvar fyrir gesti jarðvangsins s.s. um jarðfræði, náttúrufar, sögu, þjónustu, afþreyingu, gönguleiðir o.fl. Markmið gestastofanna skal vera í samræmi við markmið EGN um sjálfbærni, þ.e. að draga úr efnahagslegum leka út af svæðinu og verður því lögð áhersla á sölu þjónustu innan jarðvangsins.

Samstarf jarðvanga á Íslandi

Unnið hefur verið að stofnun formlegs samstarfsvettvangs jarðvanganna þriggja á Íslandi. Auk jarðvanganna er gert ráð fyrir að fulltrúar tengdra stofnana og félagasamtaka eigi fulltrúa á samráðsfundunum. Erlendu samtökin EGN/GGN gera ráð fyrir því að samráðsvettvangur sem þessi sé starfandi hér á landi þegar jarðvangarnir eru orðnir þetta margir. Forsvarsmenn jarðvanganna funduðu á

Reykjanesi í maí 2015. Katla jarðvangur hefur tekið að sér að leiða verkefnið og boða til stofnfundar haustið 2015.

Fræðslutengdir möguleikar í Reykjanes jarðvangi

Reykjanes jarðvangur er aðili að verkefni sem heitir „Fræðslutengdir möguleikar í Reykjanes jarðvangi“. Verkefnið fékk 700.000 kr. styrk frá Vaxtarsamningi Suðurnesja vorið 2014. Verkefninu er ætlað að stuðla að uppbyggingu samstarfs fræðsluaðilla og kortlagningu menntatengdrar möguleika í ferðamennsku innan Reykjanes jarðvangs. Aðilar að verkefninu hafa fundað tvisvar sinnum á árinu 2015 og er áætlað að því ljúki haustið 2015.

6th International UNESCO Conference on Global Geoparks

Verkefnastjóri Reykjanes Geopark sótti ráðstefnu á vegum UNESCO í Stonehammer jarðvangnum í Kanada. 18.-21. september 2014. Ráðstefnan var nýtt til að víkka tengslanet jarðvangsins, minna á tilveru hans og vinna aðild að alþjóðlegum samtaka fylgis. Þá átti verkefnastjóri fundi með erlendum samstarfsaðilum vegna GEOfood og Drifting Apart. Arnbjörn Ólafsson, frá Geocamp Iceland, kynnti möguleika til náms í Reykjanes jarðvangi á ráðstefnunni.

Söluvörur

Líkt og undanfarin tvö ár hefur jarðvangurinn selt viðurkenningarskjöl til þeirra sem ganga yfir Brú milli heimsálfa í gegnum upplýsingamiðstöðvar á svæðinu. Árlega seljast um 1000 viðurkenningarskjöl og fer stór hluti þeirra til hópa sem pantað hafa fyrirfram.



Göngu- og útivistarkort

Vorið 2015 fékk jarðvangurinn styrk til útgáfu göngu- og útivistarkorts. Ætlunin er að gefa út vandað og klassískt göngu- og útivistarkort fyrir Reykjanesskaga. Kortið verður þrívítt og handteiknað. Þar verða merktar inn helstu gönguleiðir á Reykjanesskaga, gamlar þjóðleiðir, götur, stigar og slóðar, sem áhugavert er að feta og skoða. Ætlunin er að kortið komi út í mars/apríl 2016.